

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 183/2013

2013/EES/56/41

frá 4. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (1), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008(2) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 13. mars 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. IASB) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla - ríkislán*, (hér á eftir nefndar „breytingar á IFRS-staðli 1“). Breytingarnar á IFRS-staðli 1 lúta að lánnum sem hafa fengist frá hinu opinbera, sem bera lægri vexti en markaðsvexti og sem hafa það að markmiði að veita notendum, sem beita IFRS-stöðlunum í fyrsta sinn lausn frá fullri afturvirkri beitingu við skiptið yfir í IFRS-staðla. Breytingarnar á IFRS-staðli 1 hafa í för með sér undantekningu á afturvirkri beitingu IFRS-staðla að krefjast þess að þeir sem beita stöðlunum í fyrsta sinn noti kröfurnar sem settar voru fram í IAS-staðli 39, *ffjármálagæringar: færsla og mat* og IAS-staðli 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð framvegis um ríkislán* sem fyrir hendi voru á þeim degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla.
- 3) Með þessari reglugerð eru breytingarnar á IFRS-staðli 1 samþykktar. Þessi staðall inniheldur einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem er ekki hægt að beita nú þar sem IFRS-staðal 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9 eins og

mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð sem tilvísun í IAS-staðal 39, *ffjármálagæringar: færsla og mat*.

- 4) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 1 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrjnefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, *ffjármálagæringar: færsla og mat*.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á, sem vísad er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafs dagsætningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefist 1. janúar 2013 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórn. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjórn. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Stjórn. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

VIÐAUKI

ALÞJÓDLEGIR REIKNINGSSKILASTADLAR

IFRS-staðall 1	IFRS-staðall 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilaðla - <i>ríkislán</i>
----------------	----------------------------------------------------------------------------